fjársölu á mörkuðum þar í sýslunni, en með því að þjer hafið álitið, að reglur þessar, 78
sem þjer hafið sent hingað eptirrit af, væru þess eðlis að ekki væri unnt að samþykkja 30. júlí.
þær, þar sem ýms ákvæði þeirra hefðu enga lagaheimild við að styðjast og yrðu ekki sett nema með lögum, hafið þjer fellt þær úr gildi til bráðabirgða og borið þenna ógildingarúrskurð yðar undir úrslit mín.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, að með því að jeg er yður að öllu leyti samdóma um álit yðar á nefndum reglum, staðfesti jeg hjer með ógildingarúrskurð þann á reglum þessum, sem þjer hafið kveðið upp.

Brjef landshöfðingja *tit amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði.** — Ut af þar um innkomnu bónarbrjefi og samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingjanum er veitt í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, veiti jeg hjer með sparisjóði Árnessýslu á Eyrarbakka um 5 ára tímabil fyrst um sinn, er teljist frá 1 sept. næstkomandi, öll þau hlunnindi, er getur um í nefndri tilskipun, þó með þeim skilyrðum, að upphæð ábyrgðar þeirrar, er sett hefur verið fyrir sjóðnum, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje vandlega gætt og að send sjeu landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum hans, svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kann að verða gjörð á lögum sjóðsins og frá því, ef skiptir um ábyrgðarmenn sjóðsins samkvæmt 3. gr. laganna. 79
17. ágúst.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, að tilkynna sýslumanninum í Árnessýslu til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðs Árnessýslu.

Brjef landshöfðingja *til forseta neðri deildar alþingis 1887, umboðsmanns Jóns Sigurðssonar* **um greiðslu kostnaðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. þ. m. og meðteknu í dag, hafið þjer, herra forseti, beiðst þess, að jeg ávísi cand. juris Páli Briem 2000 kr. af fje því, sem veitt er í 9. gr. fjárlaganna til kostnaðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað. 80
21. ágúst.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að jeg álít mjer ekki heimilt, að svo stöddu, að ávísa til útborgunar úr landssjóði neinu af því fje, sem veitt er í fjárlögunum, *til kostnaðar við málshöfðun* útaf vanskilum C. Fensmarks, þegar af þeirri ástæðu, að mjer er ekki kunnugt um, að neitt mál sje höfðað útaf þessu tilefni, enda verð jeg að ætla, að um útborgun kostnaðar við slíka málshöfðun yrði að fara eins og um útborgun annars málskostnaðar, sem greiddur er úr landssjóði, þannig, að honum verði ekki ávísað nema eptir sundurliðuðum úrskurðuðum reikningi.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um greiðslu kostnaðar við aðgjörð á Öskjuhlíðarvegi.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að veganefnd Reykjavíkur kaupstaðar hafi í síðastliðnum mánuði látið endurbæta veg þann, sem liggur inn fyrir Öskjuhlíð, en að bæjarstjórnin 81
27. ágúst.